

# Tillaga að REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Ís 47 ehf.  
Kennitala: 650603-3030  
Aðsetur: Hafnarbakka 6  
425 Flateyri  
Starfsstöð: Öfundarfjörður  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1109  
Leyfið gildir til: 8.1.2037

## Starfsemi:

AE 1 - Regnbogasilungur / *Oncorhynchus mykiss*

AE 2 – Lax / *Salmo salar*

## Í gildi frá:

8.1.2021

xx.xx.xx<sup>2</sup>

Kynslóðaskipt sjókvíeldi í Öfundarfirði. Hámarkslífmassi 1.000 tonn. Regnbogasilungur: Danmörk. Frjór laxastofn: StofnFiskur.  
Sjókvíaeldissvæði A (Valbjófsdalur), sjókvíaeldissvæði B (Ingjaldssandur)

## Svæði

Valbjófsdalur A

## Punktur

1. 66° 03.050'N 23° 36.000'W, 2. 66° 03.300'N 23° 35.400'W,  
3. 66° 02.723'N 23° 33.358'W, 4. 66° 02.445'N 23° 34.082'W,

Ingjaldssandur B

1. 66° 04.267'N 23° 44.410'W, 2. 66° 04.787'N 23° 43.976'W,  
3. 66° 04.389'N 23° 41.982'W, 4. 66° 03.886'N 23° 42.741'W,

<sup>2</sup>Frjóum laxi bætt við sem tegund xx.xx.20xx

*Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.*

*Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.*

*Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisáðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.*

***Rekstrarleyfishafi skal við eldi frjórra laxa notast við ljósastýringu, þ.e. hafa kveikt ljós í kvíum meðan dagsbirtu gætir ekki frá 20. september til 20. mars. Við útsetningu frjórreiða og þar til fiskur er orðin að meðaltali yfir eitt kíló skal möskvastærð í kvíum vera að hámarki 18 mm (legglengd möskvans). Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 100 gr.***

*Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slyssaleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.*

***Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um erfðaeefni hjá framleiðanda hrogn.***

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

*Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.*

***Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum.***

*Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.*

---

Karl Steinar Óskarsson, deildarstjóri fiskeldis

<sup>2</sup>Frjóum laxi bætt við sem tegund xx.xx.20xx